

Valgreinar í 6. bekk 2026-2027

Áfangarnir eru 3 kennslustundir (5 einingar) á viku nema að annað sé tekið fram.

Gerð er krafa um 85% mætingu að lágmarki nema að annað sé tekið fram. Ef nemandinn uppfyllir ekki mætingarskyldu um jól hefur hann sagt sig úr áfanganum.

Aukastærðfræði fyrir náttúrufræðideild

Námslýsing

Í þessum áfanga læra nemendur menntaskólastærðfræði sem er ekki kennd í hinum stærðfræðitímunum. Sumt verður dýpkun á efni sem nemendur þekkja og auk þess verða skoðaðar tvinntölur, líkindafræði og tölfræði. Línuleg algebra ef tími gefst.

Markmið

Að nemendur nái góðum tókum á einfaldri líkindafræði, nái utan um þátt tölfræði í vísindalegum rannsóknum og kynnist ólíkum sviðum stærðfræðinnar.

Kennsluhættir

Kennslan verður hefðbundin töflukennsla með talsverðri umræðu og reikningi í kennslustundum, í hópavinnu og ekki.

Námsmat

- Meðaleinkunn 5-6 skriflegra æfinga: 40%
- Hópverkefni um tölfræði: 20%
- Mæting og virkni: 40%

Kennarar: Kári Sigurðsson og hugsanlega fleiri.

Danska

Undanfari: stúdentspróf í dönsku (málabraut 10 ein., náttúrufræðibraut 5 ein.).

Námslýsing

Námskeiðið er ætlað þeim nemendum sem hafa áhuga á að bæta þekkingu, leikni og hæfni á dönsku talmáli, danskri menningu og gildum ásamt orðaforða, ritun og skilningi.

Markmið

Námskeiðið er sérstaklega ætlað þeim sem hafa áhuga á frekari námi í Danmörku (og öðrum norðurlöndum) að loknu stúdentsprófi, en að auki eins og fyrr segir þeim, sem vilja bæta dönskukunnáttu sín almennt. Á námskeiðinu afla nemendur sér þekkingu á grundvallaruppbyggingu danska þjóðfélagsins, viðhorfum og gildum í Danmörku, orðaforða, orðasamböndum og þverfaglegri þekkingu á landi og þjóð.

Kennsluhættir

Áfanginn byggir á kennslu í tímum, dreifnámi ásamt vettvangsnámi. Námsfni sem við vinnum með eru t.d.:

- valdar danskar kvikmyndir/þættir
- fréttatengt efni
- þættir um sögu Danmerku
- háskólar í Danmörku
- bókmenntir o.fl.

Nemendur vinna einstaklingsbundið og í hópum út frá færniþættunum horfa-hlusta-lesa-tala og skrifa.

Námsmat

Símat, þar sem virkni og þátttaka skipta miklu máli.

Kennari: Óljóst

Meiri efnafræði! Brot af því besta. (Eðlisfræðideildir)

Námslýsing

Áfanginn er ætlaður þeim sem langar að bæta við sig meiri efnafræði. Hann miðar að því að klára grunnatriði sem setið hafa á hakanum í fyrri áföngum en síðan fá nemendur að kjósa hvað annað verði tekið fyrir. Áfanginn hentar því afar vel þeim sem vilja taka þátt á Ólympíuleikunum í efnafræði eða stefna á háskólanám t.d. í læknisfræði eða efnaverkefnafræði.

Bundið námsefni:

- **Varmafræði:** Óreiða og fríorka, – 19. kafli kennslubókarinnar
- **Rafefnafræði:** Oxun og afoxun – ólokið efni úr 5. bekk í 20. kafla
- **Undantekningar frá áttureglunni og VSEPR-líkanið** – 8. og 9. kafli
- **Millisameindakraftar:** Ástandsþrengingar – 11. kafli
- **Lífræn efnafræði:** Helstu efnaflokkar og eiginleikar lífrænna efna, nafnakerfi lífrænna efna, hendni – 24. kafli og ljósrit frá kennara.
- **Árekstralíkanið, jafna Arrheniusar og hraðalögmál hvarfganga:** Helmingunartími, virkjunarorka, sístöðulíkanið og hraðfræði ensíma – ólokið efni úr 14. kafla.

Valið námsefni í samræmi við nemendur

- **Byggingar fastra efna** – Bygging kristalla, grindareiningar, uppbygging málma, jónaefna og storkuefna með samgild tengi, fjölliður.
- **Lausnir, hvernig virkar frostlögur og af hverju setjum við salt á göturnar?** – Leysni, lögmál Henrys, gufuþrýstingsslækkun, bræðslumarkslækkun.
- **Hvað gerir hliðarmálma svo áhugaverða?** – Girðitala, byggingar, tengi og nafnakerfi d-svigrúmsins, kristalsviðslíkanið ásamt litrófi og seguleiginleika málmkomplexa.
- **Kjarnaefnafræði** – Helstu gerðir geislavirkni og kjarnahvörf þeirra, geislavirknimælingar, kjarnahrönnun og samruni, geislun í umhverfi og lífverum.
- **Sérkenni málmleysinga** – Helstu atriði í efnafræði aðalflokka lotukerfisins
- **Efnafræði og umhverfið** – Lofthjúpur jarðar og efnafræði hans, áhrif athafna manna á andrúmsloftið, vatna og kolefnisbúskapur jarðarinnar, gæðastjórnun neysluvatns, vistvæn efnafræði.
- **Meira um efnajafnvægi og efnagreiningar** – Títrunarferlar sýru-basa hvarfa, fellingarhvörf og málmkomplexhvörf, Meira um rafefnafræði og efnagreiningar
- **Meiri lífræn efnafræði** – Notkun NMR-, IR-, og massarófa við greiningar og ákvörðun byggingar sameinda.

Þessi listi er jafnvel ekki tæmandi og mögulega hægt að taka fyrirspurnum.

Markmið

Að loknum áfanganum eiga nemendur að öðlast dýpri og breiðari skilning á hugtökum efnafræðinnar og hvernig hún nýtist okkur í daglegu lífi. Einnig verða nemendur einstaklega vel undirbúnir í hverskyns nám á háskólastigi sem þarfnast grunns í efnafræði s.s. efnaverkræði eða læknisfræði.

Kennsluhættir

Kenndir eru 3 tímar í viku þar sem kennari fer yfir námsefnið með nemendum og leyst eru verkefni. Stefnt er að því að heimsækja stofnanir og að fá gestafyrirlesara til að víkka sýn nemenda á námsefninu og efnafræði sem starfsferil. Mögulega verða svo verklegar æfingar sem tengjast námsefninu.

Námsmat

- Ekkert lokapróf verður í áfanganum, hvorki um jól né vor.
- Hlutapróf, 2 á hvorri önn þar sem bestu $\frac{3}{4}$ gilda. – 50%
- Tíma- og skilaverkefni – 25%
- Verklegar æfingar og annað mat kennara, s.s. virkni í tímum – 25%

Kennarar: Már Björgvinsson

Eðlisfræði 3 fyrir náttúrufræðideild

Námslýsing

1. Valið námsefni úr eðlisfræði 5. bekkjar tekið og skoðað betur
2. Vökvar á hreyfingu
3. Þrýstingur og árekstrar loftsameinda við vegg í láts
4. Varmavélar
5. Sveiflur
6. Hreyfilýsing snúnings og hverfitregða
7. Rafmagnsfræði, segulsvið og segulkraftur
8. Afstæðiskenningin
9. Kjarneðlisfræði og geislun
10. Skammtafræði

Markmið

Að auka kunnáttu og skilning nemenda í eðlisfræði. Áfanginn er góður undirbúningur fyrir verkfræði- og raungreinanám á háskólastigi og mun bæta möguleika nemenda á að komast í nám erlendis þar sem góð kunnátta í eðlisfræði er eitt af inntökuskilyrðunum. Eitt af því sem mun gera þennan áfanga sérlega gagnlegan, bæði varðandi færni í eðlisfræði og stærðfræði, er að diffrun og heildun verða notaðar þar sem það á við.

Kennsluhættir

Kennslustundir skiptast í fyrirlestra kennara og dæmatíma þar sem nemendur æfa sig í dæmareikningi. Nemendur fá að kynnst verklegum æfingum í eðlisfræði. Gert er ráð fyrir að hver æfing endi með stuttu verkefni eða umræðum frekar en skýrslum.

Námsmat

Áfanginn byggir á símati þar sem eftirfarandi þættir gilda:
Hlutapróf, skilaverkefni, ástundun og frammistaða í tímum.

Kennari: Reynir Kristjánsson

Franska – Frá kennslustofu til Parísar (tveir tímar á viku og ferð)

Námslýsing

Aðalviðfangsefni áfangans er París, menning borgarinnar, listir, saga og daglegt líf í borginni. Nemendur munu vinna með ýmiss konar efni í tengslum við borgina svo sem stutta texta, lagatexta og kvikmyndir. Í áfanganum er lögð áhersla á samskipti og tjáningu á frönsku. Námskeiðið er ætlað nemendum á náttúrufræðibraut sem lokið hafa tveimur árum í frönsku vilja verða öruggari í að tala frönsku.

ATH! Námskeiðið er ferðaáfangi. Það er skyldupátttaka í ferðina og telst hún sem ein eining. Ekki er boðið upp á verkefni í stað ferðar. Athugið að greiða þarf u.þ.b. 50.000 kr. staðfestingargjald 15. september.

Þeir nemendur sem stunda keppnisíþróttir, tónlistar-eða dansnám eða aðra svipaða afþreyingu utan skólans þurfa að gæta þess að gera ráðstafanir til að forðast árekstur viðburða við dagsetningar ferðarinnar til Parísar.

Markmið

Markmiðið er að efla öryggi nemenda í að tjá sig á frönsku við mismunandi aðstæður í daglegu lífi og nýta til þess þá frönsku sem þeir hafa þegar lært. Eftir námskeiðið eiga nemendur að geta bjargað sér við raunverulegar aðstæður í frönskumælandi borg og þekkja helstu staði og minnisvarða Parísarborgar.

Kennsluhættir

Kennslan byggist á virkri þátttöku og munnlegri notkun tungumálsins í smærri hópum. Nemendur vinna með fjölbreytt gögn (svo sem kvikmyndir, lagatexta, bæklinga og vefsíður) og ýmis þemu sem tengjast París. Franskan er þannig sett í samhengi við daglegt líf, menningu og áhugamál ungs fólks. Mikilvægt er að nemendur þori að tala og prófa sig áfram í að nota tungumálið.

Námsmat

Áfanginn byggir á símati þar sem eftirfarandi þættir gilda:

- **Hóp- og einstaklingsverkefni:** 30%
- **Kynningar:** 30% (Kynning á minnisvörðum eða stöðum í París)
- **Virkni og þátttaka:** 40% (Mæting, jákvæðni og virk þátttaka í tímum, þátttaka í ferð til Parísar á vormisseri. Athugið að skyldumæting er í allar skipulagðar skoðunarferðir og heimsóknir í ferðinni.

Kennarar: Florent Gast og Rósa Elín Davíðsdóttir

Fyrirtækjasmiðjan

Áfanginn miðar að því að þjálfa nemendur í nýsköpun, frumkvöðlastarfi og rekstri.

Hautmisseri

- Hugmyndavinna og mótun allt að tíu viðskiptahugmynda byggðum á þörfum og lausnum.
- Gerð fjárfestakynningar (Pitch Deck) fyrir valdar hugmyndir.
- Gerð og framkvæmd markaðskonunnar.
- Greining og úrvinnsla niðurstaðna markaðskonunnar.
- Nemendur mynda hópa, stofna eigið fyrirtæki og halda utan um alla þætti rekstrar þess

Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, ábyrgð nemenda á eigin verkefnum og að þeir tileinki sér verklag sem endurspeglar raunhæfan rekstur.

Bókfærsla og reikningshald

Áfanginn fjallar um grundvallarþætti bókhalds og reikningshalds. Nemendur:

- vinna verkefni um rekstur fyrirtækja með mismunandi rekstrarformum,
- færa dagbók og uppgjör í tölvuveri,
- vinna verkefni í Excel,
- kynna uppbyggingu ársreiknings og samstæðureiknings með útskýringum á lykilhugtökum og greiningu þeirra.

Markmiðið er að nemendur fái hagnýta og trausta undirstöðu í færslum, uppgjöri og túlkun reikningsskila.

Vormisseri

Framhald vinnu í fyrirtækjasmiðju

Á vormisseri vinna nemendur áfram í fyrirtækjunum sem stofnuð voru á haustmisseri. Áherslur vormisseris:

- Rekstur fyrirtækisins alla önnina.
- Skipulagning og framsetning lokaniðurstöðu verkefnisins.
- Kynning á afurðum og niðurstöðum á vörumessu í Smáralind við lok annar.

Nemendur læra að fylgja verkefnum eftir frá hugmynd til markaðs og kynnast öllum helstu þáttum sem fylgja rekstri fyrirtækis frá degi til dags.

Markmið

Efla skilning nemenda á grundvallaratriðum nýsköpunar, rekstrar og hagfræði. Þjálfar nemendur í að þróa og meta viðskiptahugmyndir með hagnýtum aðferðum. Veita nemendum trausta undirstöðu í bókhaldi, reikningshaldi. Kenna nemendum að vinna faglega í teyrum, taka ábyrgð og haga verkefnavinnu með markvissum hætti. Þróa hæfni til að framkvæma markaðskannanir, vinna úr gögnum og byggja ákvarðanir á greiningu. Búa nemendur undir kynningar og framsetningu á afurðum í raunverulegu viðskiptaumhverfi. Efla frumkvöðlahugsun og skilning á ferlinu frá hugmynd til markaðssettrar vöru eða þjónustu.

Kennsluhættir

- **Verkefnamiðuð kennsla:** Nemendur vinna markvisst að raunhæfum verkefnum og fyrirtækjarekstri.
- **Hópavinna:** Áhersla á teymisvinnu, samvinnu og sameiginlega ábyrgð á afurðum.
- **Fyrirlestrar og fræðilegar umfjallanir:** Grunnatriði kennd á skipulegan hátt til að byggja upp faglegan þekkingargrunn.
- **Tölvuvinna og hagnýt færni:** Verkefni unnin í Excel og tölvuveri þar sem nemendur æfa færslur, uppgjör og gagnagreiningu.
- **Gestafyrirlestrar og tenging við atvinnulíf:** Boðið er upp á heimsóknir eða innlit frá sérfræðingum og atvinnurekendum eftir því sem við á.
- **Rýnihópar og umræður:** Nemendur ræða niðurstöður markaðskannana, hugmyndir og áskoranir í fyrirtækjarekstri.
- **Sjálfstæð vinnubrögð:** Nemendur bera ábyrgð á skipulagi, ástundun og framvindu verkefna.
- **Sýningar og kynningar:** Áhersla er lögð á framsetningu niðurstaðna, m.a. á vörumessu á vormisseri.

Námsmat

1. Skilaverkefni í fyrirtækjasmiðjunni og bókfærslunni. Virkni í fyrirtækinu: 70%
2. Virkni í námi: 15%
3. Mæting og ástundun: 15%

Kennari: Ingvar Freyr Ingvarsson

The Graphic Novel

Námslýsing

Þetta námskeið rýnir í myndasögur (e. graphic novels) sem einstakt bókmenntaform. Verk á borð við *Maus*, *Persepolis* og *V for Vendetta* verða skoðuð vandlega með áherslu á að efla myndlæsi og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna saman að því að greina myndasögur, taka þátt í umræðum og skapandi verkefnum til að öðlast skilning á því hvernig sögurnar miðla merkingu á annan hátt en listform svo sem prósi (óbundið mál) eða kvikmyndir.

Markmið

Að nemendur

- Geti sýnt fram á skilning á sérkennum myndasagna og hvernig þær eru frábrugðnar öðrum miðlum, svo sem bókmenntum og kvikmyndum.
- Geti greint valin verk og túlkað stíl og þemu.
- Þrói hæfni í sjónrænu læsi.
- Geti túlkað bókmenntaleg gildi á gagnrýninn hátt og tengt við listræn verk.
- Geti á gagnrýninn hátt greint og túlkað bókmenntaverk í tengslum við sjálfan sig, aðra og umheiminn.
- Geti nýtt tækni við nám og æfingu í listum tengdum nútíma tungumálum.
- Geti sýnt fram á hæfni til samvinnu og skilnings í samstarfi við samnemendur.

Kennsluhættir

Fyrsti hluti námskeiðsins verður byggður á fyrirlestrum og umræðum í kennslustundum. Við byrjum á að lesa Understanding Comics eftir Scott McCloud og munum kynna okkur grunnatriði í list og bókmenntum myndasögunnar. Síðan munum við lesa nokkur verk saman, þar á meðal Maus, Persepolis (I og II) og V for Vendetta. Nemendur munu vinna verkefni sem tengist bók að eigin vali. Síðan munum við þróa okkar eigin myndasögur til gamans. Ekki er krafist kunnáttu í teikningu og tæknileg færni verður ekki metin!

Námsmat

Maus próf 15%, Persepolis próf 15%, V for Vendetta próf 15%, Kjörbókaverkefni: 25%, Myndasögugerð: 10%, Virkni og þátttaka: 20%

Kennari: Katherine Stokke

Heimspeki

Námslýsing

Hvað gerir mig að mér? Hvað er sannleikur? Er guð til? Ef svo er, hvers konar fyrirbæri er það? Hvað eru góð rök og hvað er rökleysa? Hvernig lifir maður góðu og réttlátu lífi? Má meiða? Hvað er fegurð? Hefur lífið tilgang? Til hvers er menntun? Til hvers eru stjórnmál? Í þessum áfanga spyrjum við stórra spurninga um lífið, veröldina og allt. Teknir verða fyrir valdir þættir í sögu vestrænnar heimspeki frá Grikklandi hinu forna til Íslands á 20. öld.

Markmið

Nemendur öðlast grundvallarskilning á helstu heimspekikeningum sem hafa mótað viðhorf mannsins. Áhersla er lögð á gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, nemendur eru hvattir til að horfa með gagnrýnum augum á námsefnið jafnt sem eigin skoðanir og viðhorf. Nemendur þjálfast í rökræðum og fá aðstoð við lestur á heimspekilegum textum.

Kennsluhættir

Í hverri viku verður einn einfaldur fyrirlestrartími, þar sem kennari kynnir hugmyndir vikunnar, og einn tvöfaldur umræðutími, þar sem fara fram umræður og lítil verkefni eru unnin. Utan kennslustunda er ætlast til þess að nemendur lesi lesefni sem lagt er fyrir á Innu, og vinni sjálfstætt að stærri verkefnum ársins.

Námsmat

Áfanginn byggir á símati þar sem eftirfarandi þættir gilda:

- Rafræn hlutapróf á Innu (4x10%)
- Framsögn (10%) – sjá verkefnalýsingu
- Verkefni um heimspekisögu (15%) – sjá verkefnalýsingu
- Verkefni um sýn nemandans (15%) – sjá verkefnalýsingu
- Mæting, þátttaka og virkni í umræðum (20%) **Mikil áhersla verður lögð á umræður í tímum og því er góð mæting mikilvæg.**

Kennari: Arnór Bjarki Svarfdal

Jarðsaga og loftslagsbreytingar

Námslýsing

Í áfanganum verður fjallað um sögu jarðar og þróun lífs. Áhersla verður lögð á loftslagsbreytingar og aðra náttúruvá og þær settar í samhengi við almenna jarðfræði. Fjallað verður um þær breytingar sem orðið hafa á loftslagi frá myndun jarðar og hvaða áhrif þessar breytingar höfðu t.d. á lífríki jarðar og fjöldaútdauða tegunda. Hlýnun 20. aldar verður sérstaklega skoðuð og hvaða afleiðingar þessi hlýnun hefur haft/mun geta haft á jörðina og manninn. Nemendur læra um helstu breytingar á náttúru í gegnum jarðsöguna og samspil loftslags og lífríkis.

Markmið

Meginmarkmiðið er að skoða loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á jörðina. Í áfanganum verður fjallað um þær breytingar sem hafa orðið á loftslagi frá myndun jarðar og fram á okkar tíma.

Kennsluhættir

Fyrirkomulag kennslunnar er á formi fyrirlestra og verkefnavinnu nemenda. Við kennsluna er stuðst við netið, fræðslumyndbönd og annað lesefni sem nálgast má á námsvefnum/Innu.

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi, matið byggist á vinnu nemanda yfir skólaárið meðal annars verkefnum og nemendafyrirlestrum.

Kennarar: Ingibjörg Rósa Jónsdóttir og Sigríður Árnadóttir

Kóreskt mál og menning

Námslýsing

Nemendur kynnst sögu, menningu og landafræði Suður Kóreu í gegnum kvikmyndir, tónlist, smásögur, ljóð og fl. Námskeiðið er ætlað nemendum sem hafa áhuga á kóresku, vilja bæta þekkingu sína í tungumálinu og menningu (Suður) Kóreu.

Markmið

Við lok áfangans geta nemendur lesið kóreska stafrófið og skrifað stuttar setningar. Þeir geta notað einfaldar setningar. Þeir hafa skilning á kóresku samfélagi og sögu, geta túlkað kvikmyndir og tónlist.

Kennsluhættir

Bland af fyrirlestrum, hópavinnu og einstaklingsverkefnum. Áhersla er á nemendamiðaða kennsluhætti („að læra með því að gera“).

Námsmat

Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda í kennslustundum og gerðar eru strangar kröfur um mætingu og verkefnaskil. Áfanginn byggir á símati þar sem eftirfarandi þættir gilda:

Einstaklingsverkefni um kvikmynd 20%

Skapandi hópverkefni 20%

2 skrifleg próf (haustmisseri, vormisseri) 30 %

Virkni og þátttaka 30%

Kennari: Stefanie Meyer

Kvikmyndafræði (tveir tímar á viku + fjarnám)

Námslýsing

Kennd verða undirstöðuatriði í kvikmyndafræði og veitt innsýn í kvikmyndasöguna.

Markmið

Að nemendur fræðist um mismunandi menningu og auki menningarläsi sitt. Einnig fræðist nemendur um mismunandi birtingarmyndir á hvíta tjaldinu. Eflist í akademískri hugsun og geti ritað á hlutlægan hátt um ýmis málefni og þjálfist í almennri texta greiningu (e. textual analysis). Mikilvægt er að nemendur hafi áhuga á kvikmyndum til að hafa gagn og gaman af áfanganum.

Kennsluhættir

Áfangi er að hluta til fjarnám, þar sem nemendur horfa sjálfstætt á kvikmyndir. Í tímum verða fyrirlestrar og umræður. Nemendur vinna einnig verkefni, bæði einstaklingsverkefni og hópaverkefni.

Námsmat

Áfanginn byggir á símati þar sem eftirfarandi þættir gilda:

- **Próf á haustmisseri:** 15% (Próf sem fer fram í tíma)
- **Próf á vormisseri:** 15% (Próf sem fer fram í tíma)
- **Haustfyrirlestur:** 15% (Kynning á ákveðni kvikmynd)
- **Vorfyrirlestur:** 15 (Kynning tengd kvikmyndasögunni)
- **Mæting og virkni í tímanum:** 20% (Mikilvægt er að nemendur séu virkir)
- **Heimagagnrýni 20%** (Nemendur þurfa að horfa á valdar kvikmyndir heima og skrifa gagnrýni)

Námsmat er birt með fyrirvara um breytingu.

Kennarar: Hilmar Guðlaugsson

Kynjafræði

Kynjafræði er þverfagleg grein sem hægt er að nálgast út frá mörgum þáttum. Í þessum áfanga verður áherslan á kynjafræði út frá félagsvísindalegu sjónarhorni. Stuðst verður við vefbók sem heitir Kynjafræði fyrir byrjendur, einnig verður notað annað efni eins og myndir, þættir, efni af netinu, fréttir, tímarit.is og annað efni sem við á hverju sinni.

Efnisþættir í bókinni:

- Grunnhugmyndir í kynjafræði
- Femínismi
- Karlafræði
- Hinsegin fræði
- Kynin og fjölmiðlar

Kennsluhættir

Í þessum áfanga verður farið í grunnhugtök kynjafræðinnar, við vinnum samhliða bókinni og eru tímar að mestu leiti umræðutímar og verkefnavinna þar sem nemendur kynna sér málefni er tengjast kynjafræði.

Markmið

Nemendur þjálfast í að lesa í og greina samfélagið með “kynjagleraugum” og þjálfist í að ræða saman um efnið á gagnrýnin hátt.

Námsmat

Áfanginn byggir á símati:

1. Verkefni sem unnin eru jafnt og þétt með bókinni, verkefni geta bæði verið hópverkefni og einstaklingsverkefni (25%)

2. Mæting og þátttaka í tímum (tímar byggjast mikið á umræðum) og tímaverkefnum sem er skilað í lok tímans og fer inn í símatseinkunn (25%)
3. Fyrirlestur/rannsókn (25%)
4. Próf (25%)

Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og séu virkir þátttakendur í tímum og það býður upp á svigrúm fyrir nemendur að kynna sér málefni sem þeir hafa áhuga á.

Hér er hægt að kynna sér vefbókina: <https://kynjafraedi.vefbok.forlagid.is/>

Kennari: Margrét Adolfsdóttir

Leikhús, bíó og bókmenntir (tveir tímar á viku og leikhúsferðir)

Námslýsing

Markmið áfangans er annars vegar að lesa valin íslensk bókmenntaverk, horfa á kvikmyndir og fylgjast með leikhúslífi á leikárinu 2026-2027 til þess að öðlast aukinn skilning á bókmenntum, kvikmyndum og leiklist. Fjallað verður um ólík einkenni frásagna, til að mynda glæpasögunnar, ástarsögunnar og hrollvekjunnar, með hliðsjón af bókmenntum og kvikmyndum, og velt vöngum yfir muninum á því að upplifa frásögn við lestur eða áhorf. Þá verður farið stuttlega yfir innlenda og erlenda leiklistarsögu, leikhúsin heimsótt og farið á leiksýningar. Gert er ráð fyrir nokkrum heimsóknum og umræðufundum með rithöfundum og leikhúsfólki til að kynna töfra skáldskaparins, kvikmyndanna og leikhússins enn frekar.

Markmið

Nemandi mun kynnst ólíkum íslenskum bókmenntaverkum sem og kvikmyndaadlögunum þeirra.

Nemandi skal kynnst fjölbreyttri flóru leikhúsa, leikrita, leikskálda, leikstjóra og annarra starfsstétta sem tengjast leikhúsi.

Nemandi skal þekkja helstu hugtök sem nýtast við umfjöllun og greiningu bókmennta, kvikmynda og leikrita.

Nemandi þarf að geta rætt um allt sem viðkemur leikhúsi á gagnrýninn og sjálfstæðan hátt, hvort sem það tengist leikriti, uppsetningu, sviðsmynd, búningum, tónlist eða lýsingu.

Nemandi þarf að geta rætt um muninn á bókmenntum og kvikmyndum með hliðsjón af kenningum um aðlögun.

Nemandi þarf að geta komið þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti.

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Nemandi þarf að geta greint leikverk, skáldverk og kvikmyndir.

Nemandi þarf að geta greint erindi bókmennta, kvikmynda og leikverka við okkar samtíma.

Kennsluhættir

Kennsla fer fram í fyrirlestrum kennara og nemenda, hópavinnu og heimsóknum frá góðum gestum.

Námsmat

Símat er í áfanganum þar sem eftirfarandi þættir gilda:

Menningardagbók: 20%

Skáldsöguverkefni: 20%

Þátttaka í bókaklúbb: 20%

Kvikmyndaverkefni: 20%

Leikdómar: 20%

Kennarar: Guðrún Steinþórsdóttir og Jóhannes Helgason

Mál og menning Rómar (tveir tímar á viku og ferð)

Námslýsing

Í þessu námskeiði læra nemendur undirstöðuatriði í latínu og kynnst menningarsögu Rómar að fornu og nýju. Fjallað verður um sögu borgarinnar og rómverska menningu í víðum skilningi. Í mars er stefnt á menningarferð til Rómar.

Markmið

Markmið er að nemendur öðlist grunnþekkingu á latínu og geti nýtt sér hana á eigin spýtur í áframhaldandi námi og starfi. Umræðutímar byggja á heimalestri og fyrirlestrum kennara um fjölbreytt efni, t.d. Eneasarkviðu, Dante og Endurreisnina.

Kennsluhættir

Kenndir verða á víxl tímar í latínu og umræðutímar um ýmiss konar efni tengt rómverskri menningarsögu. Þegar nær dregur Rómarferð gefst kostur á að læra nokkur orð í ítölsku.

Á haustönn verður lesið úr Eneasarkviðu, Ummyndunum og biblíunni. Á vorönn verður fjallað um Dante, Endurreisnina og síðari tíma bókmenntir. Hluti af námsmati eru síðan einstaklingsverkefni byggð á eigin áhuga þátttakenda (t.d. kvikmyndum, tónlist eða myndlist). Nemendur kynnst grunnatriðum latínu með æfingum í lestri og ritun.

Forkröfur eru engar og því verða latínuverkefni sniðin að getu nemenda og áhuga.

Námsmat

Áfanginn er án lokaprófs en byggir á símati sem samanstendur af vinnu í latínutímum, reglulegum verkefnaskilum, þátttöku í umræðum og utanlandsferð.

Kennarar: Eiríkur Gauti Kristjánsson og Jóhannes Helgason

Munnleg tjáning á ensku

Námslýsing

Í þessum áfanga fá nemendur tækifæri til að efla sjálfstraust sitt og færni í munnlegri tjáningu á ensku. Notast verður við skapandi aðferðir (svo sem kennsluaðferðir leiklistarinnar, hópefli og spuna) í bland við önnur verkefni til að þjálfa tjáskiptafærni í hvers kyns aðstæðum (bæði formlegum og óformlegum).

Markmið

Nemendur takast á við fjölbreytt verkefni, svo sem upplestur, frásagnir, ræðuhöld og/eða kynningar í þeim tilgangi að læra að tala af öryggi á ensku fyrir framan aðra.

Markmið áfangans er því að draga úr tungumálakvíða (e. language anxiety) og undirbúa nemendur í framsögn sem nýtist jafnt í námi, starfi og daglegu lífi, þar sem samskipti á ensku skipa æ stærri sess í nútímasamfélagi.

Kennsluhættir

Nemendur taka þátt í ýmiss konar munnlegum verkefnum í kennslustundum og fá reglulega tækifæri til að æfa sig í styðjandi umhverfi. Kennsluhættir fela í sér leikrænar æfingar og skemmtilega leiki, ásamt hópa- og einstaklingsvinnu þegar kemur að flutningi tímaverkefna.

Námsmat

Áfanginn byggir á símati þar sem eftirfarandi þættir gilda:

- Munnleg tímaverkefni: 40%
- Lokaverkefni ("TEDTalk"): 30%
- Virkni og þátttaka: 20%
- Sjálfsmat: 10%

Kennari: Unnur Ásta Harðardóttir

Myndlist

Námslýsing

Í þessum áfanga læra nemendur grunn hugtök og vinnubrögð tengd teikningu og myndlist. Jafnframt því að vinna

ákveðin verk í tímum sem miða að hinum ýmsu teikniaðferðum, munu nemendur vinna sjálfsætt heima í skissubækur og skila inn fjarnámsverkefnum. Kunnátta eða þekking á teikningu eða myndlist er ekki nauðsynleg fyrir þennan áfanga

Markmið

- Að nemendur læri að beita blýanti með blæbrigðaríkum hætti.
- Geti greint form og gert þeim skil/teiknað frá mismunandi sjónarhornum.
- Geti skapað verk sem sýna hnitmiðað val og beitingu á teikniáhaldi til að ná fram ákveðinni áferð, hughrifum og/eða skilaboðum og skilji helstu hugtök og fyrirbæri í teikningu og málun.
- Einnig skulu nemendur öðlast skilning á mikilvægi skissuvinnu sem undirbúning að sjálfstæðu verki og átti sig á ferlinu sem liggur að baki vinnslu sjónverka.

Kennsluhættir

Nemendur koma í 80 mínútna tíma einusinni í viku og vinna þar í verkum sem þeim eru sett fyrir. Heima er unnið í skissubækur sem og fjarnámsverkefni sem lögð eru fyrir yfir árið. Nemendur vinna sjálfstætt að sínum verkefnum og kennari gengur á milli og aðstöðar eftir þörfum.

Námsmat

Námseinkunn byggist á vinnu vetrarins, þ.e. mætingu í tíma, heimavinnu og virkni í kennslustundum.

30%	Mat á vinnu vetrarins, þ.e. hversu mikla vinnu nemandi hefur lagt í verk sín jafnt í tíma sem og heima; mæting og ástundun
30%	Fjarnám / skissubók – vinna skal bæði fjarnámsverkefni og skissubókarverkefni jafnt og þétt yfir önnina
20%	vinnumappa – þau verk sem unnin eru í stofunni yfir veturinn
20%	lokaverkefni.

Kennari: Sigga Aðils Magnúsdóttir

Náttúruvísindi fyrir máladeild

Námslýsing

Þrískiptur áfangi í eðlisfræði, efnafræði og líffræði. Áfanganum er ætlað að veita undirstöðu í öllum þremur fögum. Hvert fag er kennt í átta vikna lotu og hver lota hverfist í kringum „stórar hugmyndir“ – þ.e. meginkenningar, lögmál og hugtök. Efnistöð fara eftir forþekkingu nemenda og þróast í takt við áhugasvið þeirra. Ekki er gert ráð fyrir miklum reikningi, heldur fremur skilningi á samhengi og helstu viðfangsefnum innan náttúruvísindanna.

Markmið

Nemendur hafi að loknu námi nauðsynlega þekkingu til að öðlast vísindalæsi í daglegu lífi.

Kennsluhættir

Kenndir verða þrír tímar á viku með blöndu af fyrirlestrum og verkefnavinnu. Reynt verður að koma verklegum æfingum að eins og kostur og áhugi er á, a.m.k. einni í hverri lotu.

Námsmat

45% Þrjú hlutapróf. Eitt úr hverri lotu: 3 X 15%
20% Ástundun og smærri verkefni, unnin í tímum
30% Verklegar æfingar
5% Stutt munnlegt próf í lok árs um þann lærdóm sem nemandi dregur af náminu.

Kennari: Arnór Bjarki Svarfdal

Nýgríska (eða nútímagríska) (tveir tímar á viku og ferð)

Námslýsing

Í þessum áfanga verður farið yfir grunnatriðin í nýgrísku. Nemendur kannast eflaust við nokkra gríska bókstafi en nú hafa þeir tækifæri til að læra að lesa, skrifa og tala á grísku. Auk tungumálsins fá nemendur að kynnst grískri menningu þegar farið verður um vorið á gamlar slóðir kennarans, til grískumælandi eyjunnar Kýpur.

Markmið

Markmið áfangans er að kynna nemendum fyrir gríska tungumálinu sem getur nýst þeim á ýmsan hátt. Grískur orðaforði er ein af meginstoðunum í alþjóðlegum orðaforða vísinda og lista og því mjög gagnlegur þeim sem hyggja á nám erlendis. Næg færni á að nást í töluðu máli þannig að nemendur geti spreytt sig á tungumálinu þegar farið verður í ferðina til Kýpur.

Kennsluhættir

Kennsla fer fram með vikulegum kennslustundum þar sem nemendur læra meira og meira í gríska tungumálinu í hverri viku. Nemendur þurfa að glósa og vinna verkefni og því er mikilvægt að mæta vel í tíma. Engin lokapróf verða í áfanganum en sennilega verða tvö eða þrjú kaflapróf á skólaárinu. Að vori stefnum við á ferð til Kýpur en þeir sem ekki vilja fara í þá ferð geta unnið lokaverkefni í staðinn.

Námsmat

Námsmat er byggt upp á eftirfarandi hátt:

- Kaflapróf: 30%
- Mæting og vinna í tímum: 40%
- Ferðalag (eða lokaverkefni): 30%

Kennari: Sigurður Finnbogi Sæmundsson

Sálfræði

Þessum áfanga er ætlað að kynna nemendum fræðigreinina sálfræði, eðli hennar, þróun og sögu. Farið verður stuttlega yfir sögulegan bakgrunn sálfræðinnar sem fræðigreinar, helstu sálfræðistefnur, kenningasmiði og frumkvöðla sálfræðinnar og grunnhugtök sálfræðinnar. Skoðaðar verða nokkrar af helstu rannsóknum félagssálfræðinnar og kenningar lífeðlislegu sálfræðinnar um helstu geðraskanir, kenningar um nám, minni og þroska og nútímasjónarmið í sálfræði. Einnig verður fjallað um jákvæða sálfræði og nemendur fá tækifæri til að kynnst núvitundar og hugleiðsluæfingum.

Markmið

- Þróun fræðigreinarinnar sálfræði
- Grundvallarhugmyndir sem móta kenningar sálfræðinnar
- Helstu frumkvöðlar sálfræðinnar
- Umfang sálfræðinnar og helstu undirgreinar
- Hagnýtt gildi sálfræði
- Hvernig sálfræðin útskýrir hugsun, hegðun og tilfinningar manneskjunnar
- Nemendur kynni sér viðfangsefni sálfræðinnar sem þeir hafa áhuga á að skoða betur og geti tjáð kunnáttu sína bæði munnlega og skriflega
- Nemendur kynnist jákvæðri sálfræði.

Lesefni

Rafrænt efni frá kennara og önnur gögn eins og netmiðlar, myndir og fleira.

Námsmat

Símat sem byggir m.a. á hlutaprófi, fyrirlestri, tímaverkefnum og þátttöku og mætingu nemenda í tímum en ætlast er til að nemendur séu virkir í tímum til dæmis í umræðum, hópvinnu, tímaverkefnum og öðru.

- Próf 20%
- Fyrirlestur og hugleiðing um fyrirlestra annarra 30%
- Ástundun 50%: Mæting, þátttaka í tímum, skila á verkefnum í INNU, tímaverkefni og fleira.

Nemendur skila hugleiðingum um efnið, spurningum eða öðru varðandi efnið samkvæmt fyrirmælum. Nemendur vinna einnig saman í tímum og skila verkefnum í lok tíma. Mikilvægt er að vinna jafnt og þétt yfir veturinn og skila verkefnum á INNU. Það er mikilvægt að skila verkefnum innan tímaramma og ekki hægt að vinna upp verkefni og skila seinna. Verkefnum á alltaf að skila í INNU og ekki hægt að skila verkefnum með því að senda tölvupóst.

Kennari: Margrét Adolfsdóttir

Stjörnufræði

Námslýsing

Í þessum áfanga kynnast nemendur stjörnuhimninum, gægjast inn í eðli himinhnattanna bæði stórra og smárra, fræðast um alheiminn og eðli hans, og læra um sögu stjörnufræðinnar, elstu vísindagreinarnar. Áfanginn krefst ekki bakgrunns í eðlisfræði.

Markmið

Eftir áfangann ættu nemendur að:

- þekkja grundvallaratriði í sögu stjörnufræðinnar sem fræðigrein
- kunna nöfn og geta fundið björtustu stjörnur himins og helstu stjörnumerki
- geta lýst grunnatriðum í stjörnuspeki og tengslum við stjörnufræði
- kunna skil á eðli reikistjarnanna og annarra mikilvægra hnatta sólkerfisins
- þekkja æviskeið stjarna í grófum dráttum
- þekkja helstu kenningar um uppruna alheimsins og þróun hans
- geta sagt frá völdu viðfangsefni (sjá áhugasviðsverkefni)

Kennsluhættir

Kennsla fer fram með fyrirlesturum og umræðum. Byggt verður á kennslubók frá OpenStax (Astronomy 2e). Unnin verða tímaverkefni ýmist úr kennsluefninu eða með sjálfstæðri heimildavinnu nemenda, og nemendur fá tækifæri til að kynna niðurstöður sínar fyrir samnemendum. Stefnt er að stjörnuskoðunarferð innanbæjar að kvöldi til um miðbik vetrarins. Lokavikur áfangans nýtast í vinnu áhugasviðsverkefnis þar sem nemendur velja sér viðfangsefni undir regnhlífinni stjörnufræði í samráði við kennara, afla sér heimilda, og kynna á frjálstan hátt.

Námsmat

Áfanginn byggir á símati þar sem eftirfarandi þættir gilda:

- **Tímaverkefni:** 45% (Unnin í tímum, um 10 skil)
- **Áhugasviðsverkefni:** 30% (Kynning og skrifleg skil á völdu viðfangsefni)
- **Virgni:** 25% (Mæting, þátttaka í umræðum og stjörnuskoðunarferð)

Kennari: Una Kamilla Steinsen

Stærðfræði fyrir málabraut

Námslýsing

Í þessum áfanga kynnast málabrutarnemendur stærðfræði tengda diffrun og tegrun, sem má nota til að leysa hagfræðileg vandamál eða hagnýta í öðrum vísindum. Farið verður yfir fallhugtakið, vísisföll, margliður, ferla, diffrun og margt fleira.

Markmið

Að nemendur nái þannig tökum á hagnýtri stærðfræði að þeir séu búnir undir háskólanám á borð við viðskiptafræði.

Kennsluhættir

Kennslan verður hefðbundin töflukennsla með talsverðri umræðu og reikningi í kennslustundum, í hópavinnu og ekki.

Námsmat

- **Meðaleinkunn 5-6 skriflegra æfinga:** 70%
- **Mæting og virkni:** 30%

Kennari: Kári Sigurðsson.

Tölvufærni

Námslýsing

Í þessum áfanga verður farið yfir öll helstu hugtök, atriði og færni sem gott er að kunna fyrir háskólanám í hvaða grein sem er. Nemendur skoða mismunandi forritunarmálu, skeljarforritun, tölfræðilega úrvinnslu og að nota ritvinnslukerfið LaTeX

Markmið

Markmið námskeiðsins er að undirbúa nemendur fyrir það helst sem nauðsynlegt er að kunna í forritun og tölvufærni fyrir háskólanám.

Kennsluhættir

Einn bóklegur tími í viku og svo verkefnavinna í tvöföldum verklegum tíma tengt efninu sem farið var yfir í bóklega tímanum. Ef nemandinn hefur skilað verkefni vikunnar fyrir verklegan tíman er frjáls mæting í verklega tímann.

Námsmat

Áfanginn byggir á símati
60% Skilaverkefni
20% Fyrirlestur/skýrsla
20% Mæting

Kennari: Steinunn María Stefánsdóttir

Útivist (ferð erlendis)

Námslýsing

Farið verður í styttri og lengri göngur i nágrenni Reykjavíkur, sjósund og hjólaferðir. Ef aðstæður leyfa verður farið á skíði og skauta. Einnig stefnum við að á námsferð erlendis.

Markmið

- Að vekja áhuga, efla skilning og hæfni til að njóta heilnæmrar samveru og hreyfingar utandyrar
- Að kynnast fjölbreyttum möguleikum til útivistar í borginni og nágrenni hennar
- Að læra að nota kort, áttavita og smáforrit til að nota í útivist og hreyfingu
- Að búa sig á þægilegan og öruggan hátt til útivistarferða
- Að auka meðvitund um heilsusamlegt lífni samfara útivist, þ.á m. svefn, næringu, að hjálpast að í krefjandi aðstæðum og gleðjast saman
- Að læra um náttúru og/eða sögu þeirra svæða sem farið er um.

Kennsluhættir

Námskeiðið er 5 einingar. Gert er ráð fyrir að nemendur verji 80-110 klst. í námið. Í boði verða 6 stuttar síðdegisferðir, 4 heilsdagsferðir og 5 daga námsferð erlendis. Vinnutími skiptist u.þ.b. á eftirfarandi hátt:

- 4 styttri síðdegisferðir = 10-20 klst.
- 4 heilsdagsferðir = 30-40 klst.
- Námsferð erlendis = 40-50 klst.

Námsmat

Nemandi safnar stigum með þátttöku í ferðum. Stundvísi, virkni og viðeigandi búnaður skv. leiðbeiningum gefur (+1) aukastig í hverri ferð/dag. Stytttri síðdegisferð gefur 1 stig (+1) Heilsdagsferð gefur 3 stig (+1) Námsferð erlendis gefur 10 stig (+5) Hámarksstigafjöldi er 39 og gefur 10 í einkunn Stigafjöldi án aukastiga er 26 og gefur 8 í einkunn. Lágmarksstigafjöldi til að fá einingar er 20 stig og gefur 5 í einkunn.

Kennarar: Lovísa Ólöf Guðmundsdóttir og Helga Björk Árnadóttir

Viðskiptafræði

Námslýsing

Haustmisseri

Bókfærsla og reikningshald

Í áfanganum er farið yfir helstu þætti bókhalds og reikningshalds. Nemendur vinna verkefni um rekstur og færslu dagbókar og uppgjör fyrir fyrirtæki með mismunandi rekstrarformum. Unnið er í tölvuveri og verkefnið framkvæmt í Excel. Einnig er unnið með ársreikning og samstæðureikning tiltekins félags þar sem lykilhugtök og uppsetning eru útskýrð.

Fjármál einstaklinga

Áhersla er lögð á lykilhugtök og reikniformúlur sem nýtast við upplýstar fjárhagslegar ákvarðanir. Fjallað er um helstu sparnaðarleiðir einstaklinga, sögulega ávöxtun og helstu áhættur. Þá er fjallað um neytendalán, mismunandi lánskjör og þau atriði sem mikilvægt er að þekkja áður en skuldbindingar eru teknar.

Vormisseri

Þjóðhagfræði

Áfanginn veitir yfirsýn yfir meginhugmyndir þjóðhagfræðinnar, þ.m.t. efnahagslíkan, atvinnustig, verðbólgu, hagvöxt og helstu hagstærðir sem móta efnahagslíf.

Rekstrarhagfræði

Fjallað er um grundvallarhugtök rekstrarhagfræðinnar, ákvarðanatöku fyrirtækja, kostnaðar- og tekjugreiningu, verðmyndun og áhrif rekstrarumhverfis á starfsemi fyrirtækja.

Markmið

Farið verður yfir helstu viðfangsefni rekstrar- og þjóðhagfræði með það að markmiði að efla skilning á grundvallarlögmálum efnahagslífsins og gangverki þjóðarbúskaparins. Áhersla er lögð á bæði fræðilegt inntak og hagnýtt gildi námsefnisins, meðal annars með því að fylgjast með hagþróun og efnahagsviðburðum líðandi stundar. Slík þekking styrkir nemendur í að skilja efnahagslegt samhengi og taka virkan þátt í umræðu um efnahagsmál.

Kynnt verða undirstöðuatríði í fjármálum einstaklinga, bókhaldi, rekstri og þjóðhagfræði. Þessi grunnþekking býr nemendur vel undir framhaldsnám í tengdum greinum og nýtist jafnframt í daglegu lífi, bæði í persónulegum fjárhagslegum ákvörðunum og í skilningi á starfsemi atvinnulífsins.

Kennsluhættir

Mat á námsárangri byggir á samfelldu mati þar sem horft er til, þátttöku í kennslustundum og umræðum, virkni í gestaheimsóknunum, verkefna um fjármál einstaklinga og annarra greiningarverkefna. Einnig er tekið mið af ástundun og almennri þátttöku nemenda í náminu.

Námsmat

- Skilaverkefni: 70%
- Virkni í námi: 15%
- Mæting og ástundun: 15%

Kennari: Ingvar Freyr Ingvarsson

Vist- og umhverfisfræði

Námslýsing

Hvað er vistfræði?

Vistfræðin fjallar um samspil lífvera, sín á milli og við umhverfi sitt. Vistfræðin kemur einnig inn á dreifingu og fjölda tegunda í vistkerfum, atferli þeirra og samskipti við umhverfið.

Hver eru helstu vistkerfi jarðarinnar? Hvað er þróun? Hvernig leiðir þróun til breytileika milli tegunda? Af hverju deyja tegundir út? Hvað er fæðuvefur? Hvað er fæðukeðja? Hvaða aðferðir er hægt að nota til að meta stofnstærðir lífvera? Einnig verður farið sérstaklega í náttúru Íslands, auðlindir okkar og helstu hættur sem steðja að nánasta umhverfi okkar.

Hvað er umhverfisfræði?

Umhverfisvitund Íslendinga fer stöðugt aukandi og hefur breyst til hins betra á undanförunum árum. Samt sem áður eigum við langt í land. Umhverfisfræði fjallar að mestu um samspil mannsins og náttúrunnar en umhverfisfræðin getur farið yfir gríðarlega vítt svið. Við ætlum að reyna að einbeita okkur á áhrif mannsins á vistkerfi, lífverur, verndun og nýtingu náttúruauðlinda.

Markmið

Að nemandi læri um helstu hugtök sem notuð eru í vist- og umhverfisfræði, sem og mikilvægi vistfræðinnar sem fræðigreinar. Tekið verður fyrir helstu orkuflæði og efnahringrásir vistkerfa, stofnvistfræði, vistgerðir, líffræðilegur fjölbreytileiki og tegundasamsetning líffélaga, þróunarfræði, eiturefnavistfræði, ógnir sem steðja að náttúrunni, válistar, náttúruvernd, verndarsvæði og þjóðgarðar, samspil manns og náttúru, líffræðilegar rannsóknir, helstu mæliaðferðir við rannsóknir, sjálfbærni og umhverfisvitund, vistvæna lifnaðarhætti og Ísland verður sérstaklega tekið fyrir, lífríki og náttúruauðlindir okkar.

Einnig er ætlast til að nemandi tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu með öðrum.

Kennsluhættir

Áfanginn er símatsáfangi og ekki verður haust eða vorpróf. Kennslustundir eru 3 í viku, mikilvægt er að mæta vel og ná mætingakröfu upp 80%. Hluti af áfanganum verða heimsóknir til stofnanna, verkleg vinna og gestafyrirlestrar sem geta verið utan fastrar stundatöflu.

Námsmat

- Skriflegar æfingar 40%
- Vinnubók og ýmis verkefni 30%
- Fyrirlestur nemenda 20%
- Mat kennara og mæting 10%

Kennarar: Ellen Magnúsdóttir

Þýska: Ferðaáfangi – Ferð til Berlínar (tveir tímar á viku)

Námslýsing

Námskeiðið er ætlað nemendum sem hafa áhuga á þýsku, vilja bæta þekkingu sína í tungumálinu og menningu Þýskalands. Í þessu námskeiði fer fram þýskukennsla ásamt sögu, menningu og landafræði. Bæði fyrir og eftir ferðina vinna nemendur verkefni um Berlín, merkisstaði, sögu, mannlíf og menningu. Áhersla verður lögð á hagnýtan orðaforða og þekkingu sem nýst gæti nemendum í þýskumælandi löndum. Valáfanginn er blanda af fjarnámi og staðnámi.

Athugið að það er skylduþátttaka í ferðina og telst hún sem ein eining. Ekki er boðið upp á verkefni í stað ferðar. Því skulu nemendur sem stunda keppnisþróttir, tónlistar- eða dansnám hafa í huga að mikilvægar tímasetningar skarist ekki.

Nemendur standa sjálfir allan kostnað af ferðinni.

Athugið að greiða þarf u.þ.b. **50.000 kr. staðfestingargjald 15. september.**

Sem viðmið má geta þess að ferðin 2025 kostaði um 120.000 kr.

Markmið

Að nemendur

- geti tjáð sig skriflega og munnlega um efni sem tengist áfanganum og ferðinni.
- kynnist helstu merkisstöðum og mannlífi borgarinnar.
- kynnist sögu Berlínar á tímum kalda stríðsins (Berlínarmúrinn, Vestur- og Austur-Berlín).
- kynnist daglegu lífi borgarbúa í Berlin.
- kynnist stjórnámum og heimsæki Reichstag.
- geti nýtt þýskukunnáttu sína í daglegum samskiptum.

Kennsluhættir

Bland af fyrirlestrum, hópavinnu og einstaklingsverkefnum. Áhersla er lögð á nemendavirkjum kennsluhættum.

Námsmat

Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda í kennslustundum og gerðar eru strangar kröfur um mætingu og verkefnaskil. Allar skólareglur eru í fullu gildi á meðan námsferðinni stendur. Áskilinn er réttur til breytinga á námsáætlun reynist það nauðsynlegt. Í námskeiðinu er símat sem byggist á frammistöðu nemenda í tímum, hóp- og einstaklingsverkefnum og á mætingu.

Kennari: Stefanie Meyer, Izabela I. Kulgawczyk Harðarson

Tónlistarnám og annað listnám

Til að nemendur geti fengið tónlistarnám metið sem valgrein þurfa þeir að hafa lokið miðstigi í hljóðfæraleik og er það nám metið til 5 eininga. Þeir sem ljúka frekara námi geta fengið námið metið til allt að 10 eininga til viðbótar. Samsvarandi reglur gilda um annað listnám.

Með fyrirvara um breytingar